

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Hlíðarendakot, nýtt deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti 17. ágúst 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlíðarendakot, L164020. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir heimild til að byggja við núverandi mannvirki, fjölga byggingarreitum fyrir íbúðarhús. Heimilt verður að byggja 300 m² íbúðarhús vestan við bæjarstæðið á 1-2 hæðum með 7,5 m hámarks mænishæð. Á byggingarreit Í2 verður heimilt að byggja 110 m² mannvirki, á SÍ verður heimilt að byggja allt að 600 m² og á Ú1 verður heimilt að byggja 500 m². Á byggingarreit Í3 verður heimilt að byggja allt að 750 m² íbúðarhús auk 100 m² geymslu með 8,5 m hámarks mænishæð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snotruholt, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 29. ágúst 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Snotruholt, L163897. Deiliskipulagið heimilar allt að fimm gestahús til útleigu fyrir ferðamenn. Hvert hús er allt að 70 m² að stærð með hámarks mænishæð 6 m frá botnplötu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 25. október 2023.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 10. nóvember 2023